





## Varðar: Kirkjustræti 4 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. júlí 2023 var lögð fram fyrirspurn og minnisblað Sigurðar Einarssonar, dags. 1. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Kvosar vegna lóðarinnar nr. 4 við Kirkjustræti sem felst í að byggja nýtt anddyri og stækka stigapall til vesturs, samkvæmt tillögu Batterisins dags. 8. mars 2023. Einnig lögð fram umsögn Minjastofnunar dags. 12 apríl 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir byggingin við Kirkjustræti 4 borgarluta 2 Miðborg Vesturbæ og er hluti af miðborgarsvæði M1a, miðborgarkjarna.

Í gildi er deiliskipulag Kvos, samþykkt 1. október 1987 með síðari breytingum.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 4 við Kirkjustræti (Skúlahús, áður staðsett á Vonarstræti 12) er gamalt timburhús, skrifstofuhúsnæði, byggt árið 1908 skv. fasteignaskrá og er því friðað skv. *Lögum um menningarminjar 80/2012, 29. gr.* sem þýðir að ekki má spilla því eða breyta, rífa það eða flytja úr stað nema með leyfi og í samráði við Minjastofnun Íslands. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á breytingu á gildandi deiliskipulagi sem myndi heimila nýtt anddyri og stækkun stigapalls til vesturs, samkvæmt tillögu.

Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind hverfisvernd innan Hringbrautar. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna.

Við breytingarnar uppfyllir húsið kröfur um algilda hönnun á fyrstu hæð og í kjallara, sem er nauðsynleg notkun hússins. Tillögur sýna smekklega stækkun á stigapalli, nýtt anddyri og nútímalega viðbyggingu sem fellur vel að eldra húsi. Fyrir liggur jákvæð umsögn Minjastofnunar fyrir breytingunum, þar segir að tillagan sé útfærð af „smekkvísi og virðingu fyrir hinu friðaða húsi. Frágangur við ný dyraop og aðrar breytingar á ytra borði taki mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum.“. Jákvætt er tekið í erindið. Tryggja skal örugga gönguleið framhjá stiga og glerhýsi.



*Tillaga að breytingum á Kirkjustræti 4*

### **Niðurstaða**

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað, enda er framkvæmdin innan lóðar.
- Deiliskipulagsbreyting verður grenndarkynnt þegar og ef hún berst.
- Vakin er athygli á *Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1111/2014* vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri